

Reglur um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. og samninga við verktaka

I. Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um auglýsingar á lausum störfum hjá Ríkisútvarpinu ohf. (RÚV) og eru settar í samræmi við fyrirmæli kafla 2.4 í þjónustusamningi milli RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016-2019, sbr. og 4. mgr. 2. gr. laga um RÚV, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013. Reglur þessar teljast hluti af reglum um innra eftirlit og gæðamál RÚV.

Upplýsingalög gilda um starfsemi RÚV, sbr. 18. gr. laga nr. 23/2013.

II. Auglýsingar á lausum störfum

2. gr.

Í samræmi við kafla 2.4 þjónustusamnings RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra skulu allar lausar stöður hjá RÚV auglýstar.

3. gr.

Auglýsa skal laus störf, þannig að umsóknarfrestur sé að jafnaði a.m.k. 10 virkir dagar frá birtingu auglýsingar.

Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í sex mánuði eða skemur.
2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, o.þ.u.l. Óheimilt er þó að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfelld lengur en í tvö ár.
3. Þegar starfsmaður sem er í ótímabundnu starfi flyst í annað starf hjá RÚV, enda sé ekki um stjórnendastöðu að ræða.

4. gr.

Auglýsingar um störf skulu jafnan auglýst á heimasíðu RÚV.

Ráðningar í störf stjórnenda og fréttamanna skal jafnan, samhliða auglýsingu á heimasíðu RÚV, auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu eða á annan jafn greinilegan hátt.

5. gr.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
2. Hvert á umsókn að berast.
3. Umsóknarfrestur.
4. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
5. Starfshlutfall.
6. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
7. Stjórnunarleg staða starfsins innan RÚV.
8. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
9. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

III. Ráðningar

6. gr.

Í samræmi við kafla 2.4 þjónustusamnings RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra skal leitast við að tryggja að ráðningarferli sé opið, faglegt og gagnsætt.

7. gr.

Boða skal þá umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur að öllu eða mestu leyti í starfsviðtal. Starfsviðtal skal jafnan tekið af yfirmanni þess sviðs sem starfið tilheyrir ásamt mannauðsstjóra RÚV eða fulltrúa hans.

8. gr.

Að loknum starfsviðtölum skal meta hver, eða hverjir, umsækjenda uppfylla best hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins.

Gæta skal málefnalegra sjónarmiða við mat á hæfni umsækjenda, svo sem menntun, reynslu og þekkingu. Þá skal aflað meðmæla ef þurfa þykir þegar endanlegt val fer fram.

Ef um jafnhæfa umsækjendur af gagnstæðu kyni er að ræða á umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein forgang til starfsins, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynja, nr. 96/2000. Þá eiga fatlaðir umsækjendur forgang til starfs gagnvart jafnhæfum ófötluðum umsækjendum, sbr. 32. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

9. gr.

Þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin skal upplýsa alla umsækjendur.

Í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 18. gr. laga nr. 23/2013, skal, þegar aðrar takmarkanir á upplýsingarétti samkvæmt lögum nr. 140/2012 eiga ekki við, veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf þegar umsóknarfrestur er liðinn.

IV. Samningar við verktaka

10. gr.

Í samræmi við kafla 2.4 þjónustusamnings RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra skal leitast við að tryggja að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.

Gæta skal fyrirmæla laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða, og laga nr. 120/2016 (áður lög nr. 84/2007) um opinber innkaup, eftir því sem við getur átt.

11. gr.

Eftir því sem kostur er, og eðli verktöku er talið bjóða upp á, skal leitað tilboða í verktöku, þar sem fram komi allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að gera tilboð, einkum:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um verktöku.
2. Hvert á tilboð að berast.
3. Tilboðsfrestur.
4. Hvers konar verktöku sé um að ræða, þ.m.t. verklýsingu og afhendingar- og framkvæmdatíma.
5. Hæfniskröfur.
6. Forsendur fyrir vali á verktaka.

Gæta skal jafnræðis og gagnsæis í innkaupaferlinu.

12. gr.

Við val á verktaka skal gæta málefnalegra sjónarmiða. Til málefnalegra sjónarmiða teljast meðal annars fjárhagsleg sjónarmið. Eins skal tekið mið af atriðum eins og umfangi verks, fyrri verkum umsækjenda og reynslu þeirra, ásamt eðli verktöku, svo sem hvort um sérhæfða vöru eða þjónustu er að ræða, o.þ.u.l.

V. Gildistaka

13. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn RÚV þann 29. mars 2017 og öðlast þegar gildi.